

32. fundur

16. janúar 2018

1002007SA BOH

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Skólastjórafélags Íslands**

32. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands var haldinn þriðjudaginn 16. janúar 2018 og hófst hann kl. 10:30.

Fundinn sátu: Þorsteinn Sæberg, Sigurlaug Hrunn Svavarsdóttir og Friðþjófur Helgi Karlsson f.h. Sí. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Bókun 1 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og þróun starfs skólastjóra.

Á fundi stjórnar Sí nýverið, var rætt um þá vinnu sem farið hefur fram í grunnskólum landsins varðandi bókun 1 í kjarasamningi Félags grunnskólakennara og niðurstöður þeirrar vinnu. Farið var yfir skipulag og verklag auk þess sem rætt var um aðkomu skólastjórnenda að vinnunni. Í kjölfar fundarins óskaði Sí eftir fundi með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem farið yrði yfir ofangeind atriði og horft til hlutverks skólastjórnenda í áframhaldandi vinnu tengdri bókun 1. Í samráði milli aðila var ákveðið að fundur um málið færi fram á vettvangi samstarfsnefndar.

Niðurstaða:

Málið rætt og ákveðið að taka frekari umræðu milli aðila á næstu vikum um starfsumhverfi, hlutverk og kjaramál skólastjórnenda í grunnskólum.

Fundi slitið klukkan 11:45.